

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Safnasafnið, nr. 151/2013.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn safnsins skipa 7 menn. Stofnendur sitja í stjórn eins lengi og þeir óska. Þeir tilnefna 2 menn hvor í 4 ár og SÍM tilnefnir 1 mann í 4 ár. Samkomulag segir til um áframhaldandi setu í stjórn eftir tilnefndan tíma. Njóti annars stofnanda ekki við skal innleiða nýja reglu um tilnefningar í stjórn í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Safnasafnið staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. október 2020,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.